

Langesbyggð
Langesvegi 2
680 Þórshöfn

VERKNÚMER: DAGS.:
25025-001 3. apr. 2025

Ósk um skipulagsgerð vegna áforma um virkjun Staðará í Bakkafirði

Arctic Hydro hefur áform um að reisa vatnsaflsvirkjun í Staðará í Bakkafirði. Áætlað uppsett afl virkjunarinnar er 0,99 MW og árleg orkuframleiðsla 6,1 GWh. Frumhönnun virkjunarinnar gerir ráð fyrir því að Staðará verði stífluð í um 136 m y.s. og þar verði lítið inntakslón með yfirfalli í 140 m hæð y.s. Einnig að vatni verði veitt í inntakslónið úr Rauðá í um 183 m hæð y.s. um veituskurð. Stöðvarhús verður staðsett við endann á 2.400 m langri, niðurgrafinni þrýstipípu við vestari bakka Staðará, milli Norðausturvegar og Draugafoss. Frá stöðvarhúsinu er gert ráð fyrir stuttum frárennisskurði sem veiti vatni í Staðará í 4 m hæð y.s. Virkjunin verður tengd við dreifikerfi RARIK, þ.e. inn á 11 kV streng sem liggur á milli aðveitustöðvar á Þórshöfn og aflstöðvar á Bakkafirði.

Framkvæmdin er innan marka jarðarinnar *L156376 Skeggjastaðir*. Arctic Hydro hefur gert samning við landeiganda um leigu á vatnsréttindum og landnotum.

Fyrirhuguð Staðarárvirkjun fellur undir lið 3.15 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 111/2021. Liðurinn tilheyrir flokki B en þar eru tilgreindar þær framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum. Arctic Hydro vinnur nú að gerð fyrirspurnar um matsskyldu.

Ekki er gert ráð fyrir Staðarárvirkjun í Aðalskipulag Langesbyggðar 2007–2027 og ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir framkvæmdasvæðið eða næsta nágreinni. Uppbygging Staðarárvirkjunar kallar því á breytingu á gildandi aðalskipulagi og gerð nýs deiliskipulags. Arctic Hydro hefur tekið saman lýsingu á skipulagsverkefninu, sbr. 1. mgr. 30. og 40. gr. skipulagslaga. Skipulagslýsingin er sameiginleg fyrir bæði skipulagsstigin og miðast við að þau verði unnin og kynnt samhliða.

Óskað er eftir því að gerð verði breyting á Aðalskipulagi Langesbyggðar 2007–2027 í samræmi við meðfylgjandi skipulagslýsingu. Jafnframt er óskað eftir að Arctic Hydro verði veitt heimild til að hefja vinnu við gerð deiliskipulags í samræmi við lýsinguna, skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Virðingarfyllt, f.h. Arctic Hydro

Erla Bryndís Kristjánsdóttir
Verkís

Fylgiskjal: Staðarárvirkjun í Bakkafirði. Breyting á Aðalskipulagi Langesbyggðar 2007–2027 og nýtt deiliskipulag. Skipulagslýsing, dags. 2. apríl 2025